

Fundur Afréttarmálanefndar Gnúpverjaafréttar. 29.júlí

Fundarstaður: Háholt

Tími: kl. 20:00

Fundargerð nr.6

Fundinn sátu: Gylfi Sigríðarson og Lilja Loftsdóttir. Arnór Hans Þrándarson boðaði forföll en fyrir fund höfðu þeir Gylfi ræðst við um málefni fundarins.

Fundarefni: Verkefni sem unnið er að.

- Pierre Davíð Jónsson er tilbúin að fara í afréttarveginn með tætara hann tekur um 200 þúsund krónur á km. með vsk. Höfum hug á að taka verstu kaflana á leiðinni og helst komast inn á Flóamannaöldu. Gylfi ætlar að heyra í Landsvirkjunarmönnum hvort ekki sé rétt að taka veginn framan í Sandafellinu í leiðinni.
- Vatnsmál í Gljúfurleit þarf að laga og er Arnór tilbúin að fara með Bjarna í Áhaldahúsinu innúr og fara yfir þessi mál. Arnór er með hugmyn um endurbætur.
- Vegagerðin ætlar að taka þátt í að girða upp með veginum inn Hafið. Megum hrinda því í framkvæmd. Gylfi ætlar að huga að því hver getur unnið það verk.
- Betri borð til að matast við þarf í Tjarnarver og bekkir væri sniðugt að hafa til að nýta plássið sem best. Einnig væru vinnu borð á hjólum þar og í Bjarnalæk kjörin til að gera aðstöðuna mjög góða. Arnór hefur verið að skoða verð á þeim og mun athuga hvort megi kaupa slík borð.

Fundi slitið: 21:10

Fundarritari: Lilja Loftsdóttir

Gylfi Sigríðarson
Lilja Loftsdóttir